

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra umhverfispjónusta hf. Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	22.2.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Terra umhverfispjónusta hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti og engin ábending var sett fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða móttöku og meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs. Terra er heimilt að taka á móti allt að 900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, annars frágangs og geymslu.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

1. Þrjú frávik komu fram við eftirlit árið 2023 og ein ábending lögð fram. Fyrsta frávikíð varðar gr. 5.2 í starfsleyfi um vöktun og skráningar á samsetningu frárennslisvatns og skilum á niðurstöðum mælinganna. Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að mælingar ættu að fara fram í nóvember sl. og niðurstöður sendar Umhverfisstofnun fyrir 31. desember sl. en niðurstöður voru sendar stofnuninni 23. febrúar og er frávikinu því lokað. Annað frávikíð varðar gr. 5.4 í starfsleyfi um niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi en þeim skráningum ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað 29. ágúst 2023 og er frávikinu því lokað. Þriðja frávikíð varðar gr. 5.5 í starfsleyfi um grænt bókhald en það barst Umhverfisstofnun 29. ágúst 2023 og er frávikinu því lokað.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits fylgdi fundarboði og var kynnt á eftirlitsfundinum.

3. Farið var yfir skil skv. starfsleyfi í tengslum við frávik fyrra árs.

4. Mæling, sem var gerð í nóvember 2023, á oliu/fitu í frárennslisvatni sýndi að styrkur var undir 2 mg/l en losunarmörk eru 15 mg/l og er það því undir mörkum. Aðrar mælingar voru í lagi.

5. Farið var yfir viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og var hún síðast uppfærð 22. júní 2023. Rekstraraðili er með umhverfisvottunarkerfi ISO 14001, bsi. Neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar Terra og dótturfélaga er til staðar, rekstrarstöðvunartrygging fyrir tímabilið 01.01.2024 – 01.01.2025 til staðar.

6. Snjór var yfir svæðinu en ekki annað að sjá en umgengni á svæðinu væri fullnægjandi.

7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna fullnægjandi.
8. Kynnt voru gögn sem voru send með fundarboði s.s. upplýsingar um nýja gjaldskrá, leiðbeiningar um sýnatökur forgangsefna, gagnagrunnur um mengaðan jarðveg og breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits.
9. Farið var í skoðunarferð um svæðið, ekkert kom fram þar sem var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.04.2024

Sigr. Kristinsd

---

Sigríður Kristinsdóttir